Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 06.05.2022

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags-og samgönguráðs frá 4. maí 2022 varðandi eftirfarandi mál.

**Kjalarnes, Esjumelar-Varmadalur**
Lögð fram umsókn Íslenska Gámafélagsins ehf. dags. 8. apríl 2022 ásamt bréfi ALARK arkitekta ehf. dags. 8. apríl 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðisins Esjumela á Kjalarnesi vegna Kalksléttu 1 og Koparsléttu 22. Breytingin felst í skilgreiningu staðfangs hinnar sameinuðu lóðar. Í stað þess að hún beri nafnið Koparslétta 22 er lagt til að hún beri nafnið Kalkslétta 1 og munu skilmálar Kalksléttu 1 gilda fyrir hina sameinuðu lóð samkvæmt uppdr. ALARK arkitekta ehf. dags. 8. apríl 2022. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*
*Vísað til borgarráðs.*

*Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. dags. 8. apríl 2022.

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12–14
105 Reykjavík




Úr gildandi deiliskipulagi frá nóvember 2021 með breytingu á Járnsléttu 8 frá í febrúar 2022 mælikvarði 1:2000




HLUTI AF AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2040

## SKÝRINGAR

- Deiliskipulagsmörk
- Lóðamörk
- Byggingarreitur
- Bindandi byggingalína
- 4314m² Lóðarstærð fermetrar
- Mænistefna
- Götur
- Göngustígur
- Hjólastígur
- Þjónustustígur
- Ofanvatnslausnir
- Settjarnir
- Hverfisvernd
- Gróðursvæði í borgarlandi
- Skjólbelti í borgarlandi
- Manir í borgarlandi
- Kvöð um veitulagnir og aðkomu
- Dreifistöð
- ⑧ Húsnúmer
- VÞ Verslun og þjónusta
- P43 Hámarksfjöldi bílastæða
- Núv. byggingar
- Reiðleið

**Athafnasvæði Kjalarnesi Esjumelar – Varmidalur - v/ Kalksléttu 1 og Koparsléttu 22**
**Óveruleg breyting á skilmálum - Textabreyting**

Í nóvember 2021 var samþykkt breyting á deiliskipulagi á svæðinu. Þar var um að ræða breytingar í fimm liðum, skilgreiningu á mönum, settjörnum, dreifistöðvum og síðast en ekki síst sameiningu lóðanna Koparslétta 22 og Kalkslétta 1, sem eru í eigu og rekstri Íslenska Gámafélagsins ehf. Sú óverulega breyting sem nú er verið að sækja um snertir síðast talda liðinn.

Aðkoma að athafnasvæði og skrifstofum starfseminnar er mun skýrari að Kalksléttu en Koparsléttu og beinir fyrirtækið allri umferð inn á svæðið um Kalksléttu.

Breytingin felst í skilgreiningu staðfangs hinnar sameinuðu lóðar. Í stað þess að hún beri nafn Koparsléttu 22 mun hún bera nafn Kalksléttu 1 og munu skilmálar Kalksléttu 1 gilda fyrir hina sameinuðu lóð og fellur Koparslétta 22 þannig undir breytta skilgreiningu.

**Texti í gildandi deiliskipulagi frá nóvember 2021, liður 4, varðandi sameinaða lóð er:**

**4.** „Lóðir Koparsléttu 22 og Kalksléttu 1 sameinaðar í eina þar sem um sama rekstraraðila er að ræða og sameining til hagsbóta fyrir lóðarhafa. Gert er ráð fyrir kvöð um aðkomu fyrir þjónustuveg að settjörn. ***Lóð verður eftir sameiningu að Koparsléttu 22 og lóðarstærð eftir breytingu 43.034 m². Að öðru leyti haldast skilmálar fyrir lóðirnar óbreyttir.“***

**Breyttur texti fyrir lið 4 verður:**

**4.** „Lóðir Koparsléttu 22 og Kalksléttu 1 sameinaðar í eina þar sem um sama rekstraraðila er að ræða og sameining til hagsbóta fyrir lóðarhafa. Gert er ráð fyrir kvöð um aðkomu fyrir þjónustuveg að settjörn. ***Lóð verður eftir sameiningu að Kalksléttu 1 og lóðarstærð eftir breytingu 43.034 m². Skilmálar Kalksléttu 1 gilda fyrir hina sameinuðu lóð.“***

**Deiliskipulag þetta sem hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í**

**____________________ þann __________ 2022 og í**

**____________________ þann __________ 2022.**

**Tillagan var auglýst frá __________ 2022 með athugasemda-**

**fresti til __________ 2022.**

**Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 2022.**

0 200 400 600 800 1000
M 1:100 cm

| | | | |
|---|---|---|---|
| BREYTT | | | |
| HEITI VERKS: ATHAFNASVÆÐI KJALARNESI ESJUMELAR - VARMIDALUR | | | |
| HEITI TEIKNINGAR: KALKSLÉTTA 1 OG KOPARSLÉTTA 22 ÓVERULEG BREYTING– TEXTABREYTING | | | |
| DAGS.: 2022.04.08 | HANNAÐ: JL,KÁ | YFIRF.: JL | TEIKNAÐ: KÁ |
| VERKNR: | KVARÐI: 1:2000 | | |

ALARK arkitektar ehf.
JAKOB EMIL LÍNDAL ARKITEKT FAÍ KT: 050957-3229
KRISTJÁN ÁSGEIRSSON ARKITEKT FAÍ KT: 140956-4309
DALVEGI 18
201 KÓPAVOGI
SÍMI: 534 8800
FAX: 534 8818
KT:501193-2409
alark@alark.is
www.alark.is

S101

mánudagur, 2. maí 2022 13:2[illegible] verkefni frá 2015\kalkslétta 1- íslenska gámafélagið\2.2 gerð teikninga\2.2.7 skipulagsteikningar\kalkslétta 1- óveruleg deiliskipulagsbreyting 2022.04.08.dwg